

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 300/2015

2017/EES/64/06

frá 11. desember 2015

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1609 frá 24. september 2015 um að samþykkja própíkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 7 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1610 frá 24. september 2015 um að samþykkja *Pythium oligandrum* af stofni M1 sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 10 <sup>(2)</sup>.
- 3) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

Eftirfarandi liðum er bætt við á eftir lið 12nne (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/655) í XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„12nnf. **32015 R 1609**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1609 frá 24. september 2015 um að samþykkja própíkónasól sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 7 (Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 17).

12nng. **32015 R 1610**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1610 frá 24. september 2015 um að samþykkja *Pythium oligandrum* af stofni M1 sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 10 (Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 20).“

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2015/1609 og (ESB) nr. 2015/1610, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 12. desember 2015, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram <sup>(\*)</sup>.

<sup>(1)</sup> Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 17.

<sup>(2)</sup> Stjtíð. ESB L 249, 25.9.2015, bls. 20.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 11. desember 2015.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Oda Sletnes***

formaður.